

Nd.

66. Frumvarp

til laga um heimild handa stjórninni til þess að greiða styrk af ríkisfje til beinna skipaferða milli Íslands og Gautaborgar.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Ríkisstjórninni er heimilt að ~~veita~~ af ríkisfje alt að 30000 kr. til þess að styrkja beinar skipaferðir milli Íslands og Gautaborgar, gegn að minsta kosti jafnmiklum fjárstyrk frá sænska ríkinu.

Greinargerð.

Slíkar skipagöngur mundu auðvelda mjög sölu á þeim íslenskum afurðum, er Svíar kaupa, svo sem síld, kjöti og ull.

Nánari greinargerð biður framsögu.